

Reykjavík, 14. október 2013

Sáttargerð vegna brots á 128. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti

Hinn 29. ágúst 2013 gerðu Fjármálaeftirlitið og Century Aluminum Company með sér sátt vegna brota félagsins á 128. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti (vvl.).

Með sáttinni gekkst Century Aluminum Company, sem útgefandi heimildarskírteina sem tekin hafa verið til víðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði á Íslandi, við því að hafa brotið gegn 128. gr. vvl., með því að hafa ekki staðið skil á listum yfir fruminnherja og aðila fjárhagslega tengda fruminnherjum með fullnægjandi hætti á réttum tíma.

Í 128. gr. vvl. er kveðið á um skyldu útgefenda til að senda Fjármálaeftirlitinu, í því formi sem eftirlitið ákveður, upplýsingar um fruminnherja, tímabundna innherja og aðila fjárhagslega tengda innherjum. Endurskoðaðan lista skal senda Fjármálaeftirlitinu eigi sjaldnar en á sex mánaða fresti.

Með vísan til framangreinds, atvika máls að öðru leyti, 142. gr. vvl. og reglna nr. 1245/2007 um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka máli með sátt, var málinu lokið með sátt að fjárhæð 700.000 krónur. Sáttarfjárhæðin tekur mið af tæknilegum atriðum sem skýra málsatvik að hluta til.